



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

**Stálsmiður**

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

**Steel construction worker**

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- hefur vald á fagteikningu, metur efnisþörf og efniskostnað út frá teikningum og beitir mælitækjum málmíðna
- þekkir framleiðsluferli algengra smíðamálna, smíðahæfni, merkingar og efnisstaðla. Hefur skilning á grunnatriðum tog- og brotþols smíðamálna og tæringavarnir
- þekkir eiginleika smíðamálna, velur málma við hæfi og þekkir áhrif álags á málmíhluti, samsetningar og festingar
- beitir handverkfærum og notar algengustu málmsmíðavélar, bæði handstýrðar og tölvustýrðar. Smíðar útflatninga og burðarvirki eftir eigin teikningum og annarra og setur upp samkvæmt kröfum og reglum
- þekkir suðuskeyti og undirbúning suðuverka, áhrif suðu á málma. Kverksýður með pinna og stúfsýður, MAG og TIG í járn og stál og MIG og TIG í ál. Þekkir ljósbogasúðu, öryggisráðstafanir, meðferð aðfanga, suðubreytur og suður á ryðfríu stáli og áli. Hefur grunnhæfni í logsuðu og þekkir hæfnikröfur málmsuðumanna
- gengur frá samskeytum að lokinni suðu, les úr mælingum og prófunum
- fer eftir öryggiskröfum um raflagnir og búnað, þrýstihylki og gaslagnir, gerir hættumat og viðbragðsáætlanir og fer eftir reglum um meðferð spilliefna og úrgangs.

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Stálsmiður hannar, smíðar og gerir við vélar, reisir mannvirki og viðheldur þeim, smíðar, viðheldur og gerir við skip og sinnir annarri þjónustu sem byggir á málmsmíði. Hann starfar hjá framleiðslu- og byggingafyrirtækjum. Rétt til starfa sem stálsmiðir hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í stálmíði sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fást hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b> Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b>  Mennta- og menningarmálaráðuneytið
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b> Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b> 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Dæmi um áframhaldandi nám</b> Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

<p>Meðalnámstími eru fjögur ár, nám í skóla í sex annir, að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 60 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.</p> <p><b>Inngönguskilyrði</b> Grunnskólapróf</p> <p><b>Viðbótarupplýsingar</b> Frekari upplýsingar er að finna á: <a href="http://www.menntamalaraduneyti.is">www.menntamalaraduneyti.is</a></p> <p><b>Upplýsingamiðstöð í landinu</b> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, <a href="http://www.menntamalaraduneyti.is">www.menntamalaraduneyti.is</a></p>
---